



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 140/1809***  
***komudagur 18.4.2012***

**Efni: Umsögn um mál 120 Þingskjal 120.**

Framkvæmdastjórn Landssamband eldri borgara hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um beina þátttöku sveitarfélaga og starfsmanna heilbrigðisstofnana í skipulagningu og stjórnun heilbrigðisþjónustu í heimabyggð, 120. mál á þskj. 120.

Landssambandið á fulltrúa í nefnd sem velferðarráðuneytið hefur skipað til þess að fjalla um flutning á málefnum aldraðra frá ríki til sveitarfélaga. Í þeirri nefnd er eðlilega fjallað um stjórnarfyrrikomulag allrar heilbrigðisþjónustu.

Þá hefur nefnd sem innanríkisráðuneytið skipaði skilað álit þar sem lagt er til að málefni aldraðra, heilsugæsla og heimahjúkrun verði flutt samhliða til sveitarfélaga. Í þeirri nefnd áttu sæti m.a. fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Sömu aðilar eiga einnig sæti í fyrrgreindri nefnd sem vinnur að flutningi málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að sú nefnd skili álit á næsta eða þar næsta ári. Starf þeirrar nefndar stefnir að sama markmiði og flutningsmenn framangreindrar tillögu hafa í huga og Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara er sammála því markmiði að flytja verkefni á sviði heilbrigðismála sem næst þeim sem þjónustunnar eiga að njóta. Framkvæmdastjórn Landssambands eldri borgara leggur áherslu á að það þjónar hagsmunum eldri borgara best að nærsamfélagið geti haft áhrif á hvernig þjónustan er veitt. Þegar verkefnið er komið í hendur sveitarfélaga eða umdæmisstjórnar heilbrigðisstofnunar er heimamönnum í sjálfsveld sett hvernig þeir tryggja aðild kjörinna fulltrúa og starfsfólks viðkomandi stofnunar heimamanna að stjórnun viðkomandi stofnunar. Með því að vonir standa til að skammt sé til þess að nefndin sem vinnur að flutningi málefna aldraðra frá ríki til sveitarfélaga ljúki störfum er ljóst að sú skipan sem tillagan gerir ráð fyrir yrði aðeins til bráðabirgða. Framkvæmdastjórn Landssamband eldri borgara þykir því ekki efni til að hrófla við núverandi skipan mála og gera þær breytingar sem tillagan gerir ráð fyrir.

Framkvæmdastjórnin mælir því ekki með samþykkt tillögunnar að þessu sinni.

Reykjavík, 18. apríl 2012

f.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir  
formaður Landssambands eldri borgara



**LEB**

**Landssamband eldri borgara**

Langholtsvegur 111, 104 Reykjavík  
KT: 600989-4059; Fax:+3545515835  
Símar: +3545677111/ +3548599711  
Netfang: [leb@leb.is](mailto:leb@leb.is)  
Heimasíða: [www.leb.is](http://www.leb.is)